

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Hellisheiðarvirkjun – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. febrúar 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar. Breytingin felst í að bætt er við þeim skilmálum að heimilt er að hafa verkstæðis- og lagerbyggingu innan byggingarreits lóðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Miðbæjarkjarni, Þorlákshöfn – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. febrúar 2025 óverulega breytingu á deiliskipulaginu „Miðbæjarkjarni, Þorlákshöfn“. Breytingin felur í sér að bætt er við byggingarreit innan skrudgarðs þar sem ætlunin er að reisa hálfopna útikennslustofu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Víkursandur – uppskipting lóða – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. febrúar 2025, deiliskipulagsbreytingu fyrir iðnaðarsvæði á Víkursandi. Breytingin felur í sér uppskiptingu lóða, endurákvörðun staðfanga og stækkun byggingarreita.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Reykjabraut 2 – verður Pósthúsbraut 2, 4 og 6 – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. október 2024, nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Reykjabraut 2. Gamla pósthúsinu verður breytt í fjölbýlishús og tvö fjölbýlishús til viðbótar verða byggð á lóðinni. Aðkomu frá Reykjabraut verður lokað og verður hún aðeins aðgengileg frá Selvogsbraut og því var nauðsynlegt að gefa götunni nýtt nafn. Gatan hefur fengið nafnið Pósthúsbraut og munu byggingarnar nefnast Pósthúsbraut 2, 4 og 6.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Gerðarkot og Þorgrímsstaðir – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. janúar 2025 nýtt deiliskipulag fyrir spildurnar Gerðarkot, lóð (L218545), Þorgrímsstaðir, spilda 6 (L211746) og Þorgrímsstaðir, spilda 5 (L211745). Gert er ráð fyrir samtals 8 íbúðarlóðum sem deilt er á tvö svæði þar sem 4 íbúðarlóðir eru á hvoru svæði fyrir sig.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 11. mars 2025.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.